

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 485/2005 um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík, með síðari breytingum.

1. gr.

11. gr. breytist og orðast svo:

Grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 95.325 kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 152.520 kr. á mánuði (95.325 x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af félagsmálaráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru af borgarráði 21. desember 2006 að fenginni tillögu velferðarsviðs, eru settar á grundvelli 21. gr. laga nr. 40/1991 með síðari breytingum, gilda frá 1. janúar 2007.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 31. desember 2006.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2007